

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð **52**
 hjónanna Ólafs Þórðarsonar og Guðlaugar Þórðardóttur, er bjuggu á Sum- ^{30. apríl}
 arliðabæ 1862—1896, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og
 kirkjumálaráðherra 30. apríl 1925. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

minningarsjóðs hjónanna Ólafs Þórðarsonar og Guðlaugar Þórðardóttur,
 er bjuggu á Sumarliðabæ 1862—1896.

1. gr.

Stofnfje sjóðsins er 10000 — tíu þúsund — krónur í veðdeildarbrjef-
 um Landsbankans, og kr. 500 — fimm hundruð — á ári frá stofnendunum
 í næstu fimm ár, talið frá 1. jan. 1925.

2. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Vextina óskerta skal leggja við
 höfuðstólinn til 30. júní 1929, ásamt árstillagi stofnendanna, samkvæmt 1. gr.

Upp frá því skal aldrei leggja minna en hálfa ársvextina við höfuð-
 stólinn, þar til sjóðurinn er orðinn 50000 kr., en úr því má aldrei leggja
 minna en $\frac{1}{4}$ hluta vaxtanna, hversu mikill sem sjóðurinn verður.

3. gr.

Vextir þeir, sem árlega eru lagðir við höfuðstólinn samkvæmt 2. gr.,
 skulu lagðir í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands og sömuleiðis það, sem sjóðn-
 um bætist á annan hátt.

Jafnóðum og hvert veðdeildarbrjef sjóðsins er útdregið, skal and-
 virði þess einnig leggjast í aðaldeild Söfnunarsjóðsins.

4. gr.

Veðdeildarbrjef sjóðsins skulu geymd í Landsbankanum í Reykja-
 vík, þar til þau eru útdregin.

Hvert veðdeildarbrjef sjóðsins skal nafnskrá í bókum bankans, og á þau
 ritað, að eigi sje leyft að afhenda neitt þeirra nje kvitta, nema með vitund og
 samþykki allrar stjórnar sjóðsins.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnalitla bændur í hinum forna Holta-
 mannahreppi innan Rangárvallasýslu, sem nú er skift í tvent: Ása- og
 Holtahrepp, til þess að eignast ábýlisjarðir sínar, og til þess að gera jarða-

52 eða húsabætur á slíkum jörðum, alt eftir þeim nánari reglum, sem settar eru 30. apríl í skipulagsskrá þessari.

6. gr.

Vöxtum þeim, sem til útborgunar koma hvert ár, skal fyrst og fremst varið til styrktar efnalitlum bændum í fyrnefndum hreppum, þeim, er eignast vilja ábýlisjarðir sínar.

Fjölskyldumenn ganga jafnan fyrir, að öðru jöfnu, við allar styrkveitingar úr sjóðnum, en tillit er þó rjett að taka til þess, að hve miklu gagni styrkurinn getur orðið þeim, er hans nýtur, og má að nokkru leyti hafa það til hliðsjónar við styrkveitingar.

Eftir sömu reglu og á sama hátt má styrkja efnalitla sjálfseignarbændur til jarða- eða húsabóta, ef ekki þykir ástæða til að veita styrk til jarðakaupa, samkvæmt fyrstu málsgrein þessarar greinar.

Ennfremur má, ef engin ástæða er til að veita styrk til jarðakaupa, jarðabóta eða húsabóta, veita efnalitlum bændum verðlaun fyrir frábærlega vel unnar jarða- eða húsabætur.

7. gr.

Sjóðurinn tekur til starfa 20. ágúst 1929 á aldarafmælisdegi Ólafs Þórðarsonar, föður stofnenda sjóðsins.

8. gr.

Fyrst um sinn, meðan sjóðurinn hefir ekki fullar 600 kr. árstekjur, er til útborgunar koma samkvæmt áður sögðu, nýtur einn bóndi í senn styrks úr sjóðnum í 5 ár í röð, 300 kr. á ári.

Afgangur teknanna, ef nokkur verður, skal lagður við höfuðstólinn. Þá er sjóðurinn getur greitt 600 kr. árlega eða meira, skulu tveir njóta styrksins; þá er sjóðurinn getur veitt 900 kr. eða meira á ári, má bæta þriðja styrkþeganum við, og svo áfram eftir sömu reglum eftir því, sem geta sjóðsins leyfir.

Þegar styrkþegar eru orðnir 4 eða fleiri, getur stjórn sjóðsins, ef henni þykir ástæða til, í stað þess að fjölga styrkþegum, veitt einum eða fleirum hærri ársstyrk en 300 krónur.

9. gr.

Enginn nýtur styrks úr sjóðnum lengur en 5 ár í senn, nema alveg sjerstakar ástæður mæli með því.

En eftir að fimm ár eru liðin frá því búandi fjekkk styrkinn, má aftur veita honum styrk, ef eigi eru verðugri nýir umsækjendur, og nýtur hann þá styrksins í önnur fimm ár.

Það, sem hjer er sagt um bændur, nær til ekkna engu síður, eða þeirra kvenna, er jörð hafa til ábúðar. 52
30. apríl

10. gr.

Stjórn sjóðsins skipa hreppsnefndaroddvitar Ása- og Holtahrepps ásamt sóknarpresti Kálfholtssóknar, sem er formaður nefndarinnar.

11. gr.

Endurskoðunarmenn ber að kjósa einn úr hvorum hreppi árlega á hreppskilabingi, til eins árs í senn.

Endurkosning má eiga sjer stað. Skulu þeir gæta þess vandlega, að fyrirmælum skipulagsskrár þessarar sje fylgt og vanda um, ef útaf er brugðið.

12. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skulu reikningar hans uppgerðir árlega fyrir janúarmánaðarlok og þá komnir til endurskoðenda, en þeim ber að hafa endursent reikningana til stjórnarinnar, með athugasemdum sínum fyrir febrúarmánaðarlok, eða svo tímanlega, að stjórnin geti aftur sent hann frá sjer til sýslunefndar Rangárvallasýslu fyrir aðalfund hennar ár hvert.

13. gr.

Sýslunefnd Rangárvallasýslu hefir yfirumsjón með sjóðnum og úrskurðavald um reikninga hans, á sama hátt, sem um hreppareikninga sýslunnar.

14. gr.

Þegar farið er að veita styrk úr sjóðnum, skal stjórn hans, þegar um nýja styrkþega er að ræða, árlega í ágústmánuði auglýsa styrkinn til umsóknar, með eigi minna en mánaðar fyrirvara og á þann hátt, að öllum búandi mönnum í hinum forna Holtamannahreppi verði auglýsingin kunn í tæka tíð.

Skal þess getið í auglýsingunni, hve margir geti komið til greina. Sá eða þeir, sem hafa hlotið styrkinn, halda honum í fimm ár, samkv. 8. gr., án þess að um hann sje sótt árlega.

15. gr.

Nú vill einhver eða einhverjir sækja um styrk úr sjóðnum og skal hann eða þeir senda stjórnarnefndinni umsókn sína með nákvæmri lýsingu á því, til hvers hann ætli að verja honum.

Stjórnarnefndin getur krafist sannana um þau efni, ef henni sýnist,

52

30. apríl

16. gr.

Sannist það á einhvern, að styrknum sje varið í verulegum atriðum gagnstætt fyrirmælum skipulagsskrár þessarar, missir sá hinn sami rjett til styrksins framvegis.

Hið sama gildir um þann, er kynni að vilja selja þá jörð, er hann hefir fengið styrk til að kaupa.

Styrkveitingin fer fram árlega í lok septembermánaðar.

17. gr.

Stjórnarnefnd sjóðsins og endurskoðendur fá enga þóknun fyrir starfa sinn.

53

2. maí

SAMÞYKT

um

sýsluvegasjóð Gullbringusýslu.

1. gr.

Sýsluvegir eru þessir:

1. *Selskarðsvegur*, frá Engidal innan við Hafnarfjarðarhraun að Selskarði yfir Lamhúsagranda að Bessastaðahliði.
2. *Garðavegur*, frá Balahrauni, eða frá mörkum Hafnarfjarðarlands, yfir Garðaholt á Selskarðsveginn.
3. *Grindavíkurvegur*, frá vegamótum þjóðvegarins á Vogastapa, yfir Grindavíkurheiði að Járngerðarstöðum í Grindavík.
4. *Hafnavegur*, frá vegamótum þjóðvegarins á Njarðvíkurfitjum yfir Hafnaheiði að Kirkjuvogi í Höfnum.
5. *Gerða- og Sandgerðisvegur*, frá Keflavík fram hjá Garði til Sandgerðis.

2. gr.

Allur kostnaður við lagningu sýsluvega, svo og við umbætur þeirra og viðhald greiðist úr sýsluvegasjóði.

3. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum fasteignum í sýslu.